



Innleiðing

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðaáætlun

Maí 2020

Inngangur

Þann 22. maí 2018 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög¹. Innleiðingarferlið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi og fylgir ákveðinni forskrift sem er í átta liðum. Í október 2018 var skipaður sextán manna stýrihópur með þátttöku barna og ungmenna, fulltrúum sviða bæjarins og fulltrúum bæjarstjórnar. Fyrsti fundur var í desember 2018 en frá þeim tíma hefur stýrihópur haldið samtals átta fundi og unnið ýmis verkefni í smærri vinnuhópum.

Þessi aðgerðaáætlun hefur verið unnin af stýrihópi en hún byggir á fjölbreyttri greiningarvinnu á fyrirliggjandi opinberum gögnum um stöðu, heilsu og líðan barna í Kópavogi. Auk þess er tekið mið af skoðunum barna og ungmenna sem leitað var eftir í sérstakri könnun bæjarins, rýnihópasamtölum og niðurstöðum ungmennanings.

Aðgerðaáætlunin samanstendur af átján aðgerðum sem flokkaðar eru í sjö flokka. Aðgerðirnar eru sumar þess eðlis að þær krefjast frekari vinnu og samráðs við börn og ungmenni, foreldra og forráðamenn sem og þá er starfa fyrir og með börnum eða hafa áhrif á líðan þeirra.

Aðgerðaáætlunin var kynnt á samráðsgátt og opið var fyrir athugasemdir íbúa frá 15. nóvember til 15. desember 2019. Samtals bárust 9 umsagnir og 59 merktu við að þeim líkuðu aðgerðin. Sama dag og opnað var fyrir athugasemdir í samráðsgátt fengu allir skólastjórar og leikskólastjórar í Kópavogi tölvupóst og voru hvattir til að hvetja til umræðu um aðgerðaáætlunina innan sinna skóla. Ein umsögn barst með tölvupósti og önnur barst með símtali.

Í byrjun árs 2020 var aðgerðaáætlunin send til allra nefnda og ráða til kynningar og umsagnar. Umsagnir með athugasemdum bárust frá tveimur ráðum/nefndum. Þá var aðgerðaáætlunin til umfjöllunar hjá ungmennaráði á að minnsta kosti tveimur fundum og skilaði ráðið álit sínu. Í framhaldinu fóru allar aðgerðirnar í ítarlegri vinnu meðal sérfræðinga úr starfsliði Kópavogsbæjar.

Í aðgerðaáætluninni hefur verið tekið tillit til langflestra ábendinga sem bárust. Í þeim tilfellum sem það hefur ekki verið gert eru ábendingarnar listaðar aftast í hverri aðgerð ásamt áskorunum.

13. maí 2020.

Fyrir hönd stýrihóps,
Anna Elísabet Ólafsdóttir,
verkefnisstjóri innleiðingar Barnasáttmálans.

¹ <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/>

Efnisyfirlit:

1. UNICEF	5
2. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	5
3. Barnvæn sveitarfélög.....	5
4. Kópavogur – barnvænt sveitarfélag	6
5. Fræðsla	6
6. Kortlagning.....	6
6.1 Gátlistar	7
6.2 Viðhorfskannanir	9
6.2.1 Könnun meðal barna	9
6.2.2 Könnun meðal starfsmanna	12
6.3 Ungmennaráð.....	14
6.4 Hvað segja yngri börnin	16
7. Mælaborð – lífsgæði barna í Kópavogi.....	16
8. Aðgerðir	17
8.1 Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna	19
8.2 Þátttaka barna	20
8.3 Jafnræði, samkennd og virðing	25
8.4 Fræðsla	27
8.5 Menntun og skólinn.....	28
8.6 Umhverfismál	31
8.7 Stjórnsýsla	34
9. Skammstafanir	36
10. Úttekt Unicef á aðgerðaáætluninni	36

Yfirlit yfir myndir:

Mynd 1: Átta skrefa innleiðingarferli Barnasáttmálans.	5
Mynd 2: Aldursdreifing barna sem svöruðu könnun Kópavogsbæjar.	9
Mynd 3: Hlutfall barna sem hefur heyrt um Barnasáttmálann.	9
Mynd 4: Hlutfall svara eftir því hvort börn vilji að bærinn leiti eftir skoðunum þeirra í málefnum bæjarins.	10
Mynd 5: Hugmyndir barna um hvernig best sé að leita eftir skoðunum þeirra varðandi málefni bæjarins.	10
Mynd 6: Fá öll börn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum?	11
Mynd 7: Fá allir í skólanum að vera eins og þeir eru án þess að vera strítt?	11
Mynd 8: Spurt hvort börnin upplifi sig örugg í skólanum.	11
Mynd 9: Til hvers ef nokkurs geta börnin leitað til í skólanum ef þeim líður illa.	12
Mynd 10: Hvernig finnst þér að búa í Kópavogi?	12
Mynd 11: Hafa réttindi í Barnasáttmálanum í för með sér skyldur fyrir börn? Línurit sýnir niðurstöður eftir starfsstöð.	13
Mynd 12: Hefur þú fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámskrá segja um mannréttindi?	13
Mynd 13: Hefur þú fengið fræðslu um hvernig eigi að bregðast við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi?	14
Mynd 14: Hversu oft hefur þú sent tilkynningu til barnaverndar?	14
Mynd 15: Einfalt módel af þarfapíramída Maslows	16
Mynd 16: Fimm víddir mælaborðs um lífsgæði barnaStyður við öll Heimsmarkmið og allar greinar Barnasáttmálans.	19
Mynd 17: Fimm víddir mælaborðs um lífsgæði barna.	19

1. UNICEF

UNICEF, sem stendur fyrir United Nations International Children's Emergency Fund (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna), var stofnað á fundi Sameinuðu þjóðanna 11. desember 1946. Tilgangurinn var að hjálpa bágstöddum börnum eftir hörmungar síðari heimstyrjaldarinnar. Nú starfar UNICEF í 190 löndum með það að markmiði að bjarga börnum úr lífsháska, verja réttindi þeirra og aðstæður þannig að þau megi lifa og þroskast.

UNICEF á Íslandi er íslensk landsnefnd Barnahjálpar sameinuðu þjóðanna sem berst fyrir réttindum barna bæði erlendis og á Íslandi. Á Íslandi sinnir UNICEF markvissri réttindagæslu fyrir börn og veitir stjórnvöldum aðhald. UNICEF fylgist með aðstæðum barna á Íslandi og lætur reglulega taka saman gögn um aðstæður barna á Íslandi m.a. um börn sem líða efnislegan skort og börn sem verða fyrir ofbeldi.

UNICEF á Íslandi leiðir verkefnið Réttindaskólar UNICEF og í samstarfi við félagsmálaráðuneytið verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

2. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð að lögum árið 1990 en allar þjóðir Sameinuðu þjóðanna – að undanskildum Bandaríkjunum – hafa samþykkt sáttmálann sem samanstendur af 54 greinum um réttindi barna. Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 en fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Barnasáttmálann í heild sinni má finna á vefnum: <https://barnasattmali.is>

3. Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitafélög (e. Child Friendly Cities) er bæir, borgir eða samfélög sem stýrt er af sveitar- eða bæjarstjórn þar sem markmiðið er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda barna s.s. við gerð stefnu, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities (CFC) en það hefur verið innleitt í fjölda sveitarfélaga víðsvegar um heim.

Innleiðingarferli Barnasáttmálans í sveitarfélagi er unnið í átta skrefum sem miða að því að virða og uppfylla réttindi barna og tekur ferlið að minnsta kosti tvö ár – sjá mynd 1. Að þessu ferli loknu getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi, að því gefnu að starfsfólk UNICEF meti sem svo að ferlið og aðgerðaáætlunin sé til að bæta og tryggja réttindi barna í sveitarfélaginu².



Mynd 1: Átta skrefa innleiðingarferli Barnasáttmálans.

² <http://barnvaensveitarfelog.is/>

4. Kópavogur – barnvænt sveitarfélag

Þann 22. maí 2018 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar með vera þátttakandi í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Áður hafði bæjarstjórn fengið kynningu frá UNICEF á því í hverju verkið fælist og hvernig innleiðingarferlinu væri háttað. Með samþykkt bæjarstjórnar lauk fyrsta þætti af átta í innleiðingarferlinu.

Skipað var í stýrihóp og í október 2018 var hafist handa við að undirbúa kortlagningu og fræðslu, þætti tvö og þriðji í innleiðingarferlinu. Aðgerðaáætlun þessi er fjórði þáttur innleiðingarferilsins.

Í stýrihóp voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Páll Magnússon, stjórnslusvið – formaður stýrihóps, síðar Pálmi Þór Másson
Anna Elísabet Ólafsdóttir, stjórnslusvið – starfsmaður stýrihóps
Ása A Kristjánsdóttir, stjórnslusvið, lögfræðingur barnaverndar
Margrét Friðriksdóttir, bæjarfulltrúi
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi
Sóley Þórarinsdóttir, ungmennaráð
Davíð Fannar Sigurðsson, ungmennaráð
Selma Karlsdóttir, nemandi í Kársnesskóla
Eiríkur Örn Beck, nemandi í Lindaskóla
Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, menntasvið, leikskólakennari
Amanda Ólafsdóttir, menntasvið og tengiliður við ungmennaráð
Ragnheiður Hermannsdóttir, menntasvið, grunnskóladeild
Guðrún Svava Baldursdóttir, menntasvið, félagsmiðstöðin Þeba
Svavar Ólafur Pétursson, umhverfissvið, vinnuskólinn
Guðlaug Ósk Gísladóttir, velferðarsvið, þjónustudeild fatlaðra
Anna Eygló Karlsdóttir, velferðarsvið, barnavernd

Hjördís Eva Þórðardóttir, teymisstjóri innanlandsverkefna UNICEF sat flesta fundi stýrihóps.

5. Fræðsla

Áður en ákveðið var að fara í innleiðingu Barnasáttmálans hélt UNICEF kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa Kópavogsbæjar. Þá hélt UNICEF heils dags námskeið fyrir stýrihóp, sviðsstjóra og nokkra lykilstarfsmenn um Barnasáttmálann og þýðingu hans. Fulltrúar í ungmennaráði fengu jafnframt hálf dags námskeið hjá UNICEF. Loks voru, í tengslum við viðhorfskannanir, send út kynningarbréf til foreldra og forráðamanna barna í 5. – 10. bekk grunnskólanna um Barnasáttmálann auk þess sem bent var á itarefni og hvatt til umræðu um Barnasáttmálann við börnin. Börnin sjálf fengu sérstakt kynningarbréf um Barnasáttmálann. Gert er ráð fyrir frekari fræðslu í aðgerðaáætluninni.

6. Kortlagning

Eitt mikilvægasta skrefið í innleiðingarferli Barnasáttmálans er kortlagningin. Hún felur í sér greiningu á fyrirbyggjandi gögnum um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna sem og söfnun gagna sem ekki liggja þegar fyrir. Stuðst er við gátlista sem unnir hafa verið af UNICEF og byggja á fimm grunnþáttum Barnvænna sveitarfélaga.

Auk þess að nýta gögn frá Rannsóknnum og greiningu, Skólavog, HBSC rannsókninni (Health Behaviour in School aged Children) var gerð sérstök könnun meðal barna í 5. – 10. bekk grunnskóla Kópavogsbæjar og meðal starfsmanna bæjarins. Enn fremur var gerð einföld könnun meðal eldri barna í leikskóla undir stjórn leikskólakennara en þau unnu með hugarkort til að reyna að öðlast skilning á

skoðunum barna innan leikskólanna. Loks var haldið rýnihópaviðtal við nemendur úr Menntaskólanum í Kópavogi sem eru Kópavogsbúar.

Þótt vel sé staðið að mörgu í tengslum við nýtingu gagna leiddi kortlagningavinnan í ljós að bæta megi úrvinnslu gagna og nýta betur sem stjórnæki við ákvarðanatöku er varðar börn. Samhliða kortlagningu hófst því þróunarvinna við mælaborð um lífsgæði barna. Fjallað er um þetta verkefni sérstaklega í kaflanum um aðgerðir.

6.1 Gátlistar

Í vinnu við gátlista UNICEF var stýrihópi skipt niður í þrjá smærri vinnuhópa sem tóku að sér að svara gátlistunum. Í ramma hér að neðan er búið að taka saman helstu niðurstöður greiningarinnar en ítarlegri niðurstöður er að finna í töflu 1 á næstu blaðsíðu.

Samantekið má skipta helstu niðurstöðum greininga, byggðum á gátlistum, í átta megin atriði:

1. Virkja leiðir þannig að börn á öllum aldri geti fengið ráðgjöf/upplýsingar án aðkomu foreldra, s.s. opnir tímar hjá skólasálfræðingi, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðingi.
2. Virkja börn til markvissrar þátttöku í stefnumótun og gerð áætlana og athuga að gleyma ekki yngstu börnunum heldur finna heppilegar leiðir til að ná til þeirra. Athuga einnig að ná til jaðarhópa barna, s.s. ná yfirliti yfir hvaða þjónustu þeir sækja og hvar þá er helst að finna.
3. Yfirfara verkferla með hliðsjón af réttindum barna og tryggja að sjónarmið þeirra komi fram. Hafa ungmennaráð með sem umsagnaraðila.
4. Fara yfir gæðakerfið með hliðsjón af réttindum barna og þá ekki síst réttindafræðslu fyrir Kópavogsbúa: börn, fullorðna, starfsmenn og kjörna fulltrúa.
5. Skoða sérstaka vefgátt fyrir börn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, m.a. hafa sérgátt fyrir þau í hugmyndasöfnuninni Okkar Kópavogur.
6. Hafa umboðsmann/talsmann barna hjá sveitarfélaginu sem þau geta hringt í, sent skilaboð eða heimsótt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða ræða mál sem þeim eru hugleikin.
7. Taka markvisst mið af sjónarmiðum barna sem og niðurstöðum rannsókna og kannanna við stefnumótandi vinnu, m.a. við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
8. Tengja aðgerðaáætlun sem til verður við fjárhagsáætlun og hafa í framhaldinu barnamiðaða fjárhagsáætlanagerð.

Í töflu 1 eru niðurstöðurnar sýndar eins og stýrihópur taldi þær fram í grunnþáttunum fimm.

Tafla 1: Niðurstæða greiningar gátlista skipt eftir fimm grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga.


Helstu niðurstöður greiningar gátlistanna fimm				
Pekking á réttindum barna	Það sem er barni fyrir bestu	Jafnræði, að horft sé til réttinda barna	Þátttaka barna	Barnvæn nálgun
<ul style="list-style-type: none"> • Vantar að yfirfara verkferla og verklagsreglur hjá bænum almennt með hliðsjón af réttindum barna – m.a. að tryggja að sjónarmið þeirra komi fram. Bæði innan stofnana og í heildina. • Finna leiðir til að auðvelda börnum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri – líka án þess að ábendingarnar þurfi að fara í gegnum foreldra. • Réttindafræðsla gæti verið markvissari bæði fyrir börn, starfsmenn, kjörna fulltrúa og íbúa. Gjarnan virkja börn og ungmenn með okkur í þessu starfi. Koma inn í gæðakerfi bæjarins. (markvissari fræðslu fyrir starfsmenn sem vinna með börnum). • Hafa kannanir þar sem við fylgjumst m.a. með þekkingu barna og ungmenna á Barnasáttmálanum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að leggja Barnasáttmálann og fyrirliggjandi upplýsingar og rannsóknarniðurstöður til grundvallar við ákvarðanatöku bæjarins. • Að gera afleiðingargreiningar við allar stærri ákvarðanir (e. child impact assessment). • Að meta fjárhagsáætlun sveitarfélagsins út frá barnvænum forsendum (e. child friendly budgeting) og hafa samráð við börn í fjárhagsáætlanagerð og ekki síst ef um niðurskurð er að ræða í málefnum barna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yfirfara jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu sveitarfélagsins og skoða í samhengi við réttindi barna og ungmenna – ekki síst barna af erlendum uppruna, flóttamanna og fatlaðra. Jafnframt að yfirfara önnur stefnumótandi skjöl með hliðsjón að Barnasáttmálanum. • Skoða regluverk og verkferla innan sveitarfélagsins m.t.t. jafnræðis á grundvelli kynvitundar og kyneinkenna. • Gætum gert betur í að minna á jafnræði milli allra t.d. talsmáta, látbragð og orðanotkun. • Þurfum að skapa og skerpa á ferlum þannig að börn geti komið á framfæri ábendingum um mismunun í samfélaginu og að safna slíkum gögnum og vinna úr með viðeigandi hætti. Mögulega ætti að hafa starfsmann sem sinnir því að vera umboðsmaður barna hjá sveitarfélaginu? • Gætum nýtt betur þau gögn sem safnað er um börn s.s. í stefnumótunarvinnu og áætlanagerð og þá ekki síst til að gera okkur grein fyrir hvaða hópar séu helst í hættu gagnvart mismunun. Þá þarf að skoða hvort allir hópar barna svari upplýsingaöflun s.s. hvort fatlaðir fái aðstoð og hvort nýbúar fái viðeigandi tungumálaaðstoð. • Virkja börn til að aðstoða okkur við gerð spurningalista og að miðla niðurstöðum rannsókna sem þau taka þátt í til þeirra sjálfra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Öll svið og einstaka stofnanir geta bætt sig í því að hlusta á raddir barna og ungmenna í vinnu við stefnumótun og aðgerðaáætlanir bæjarins. • Öll svið og stofnanir leiti til ungmennaráðs í stærri málum og í verkferlum ætti að vera til leið til að leggja mál fyrir ungmennaráð og börn til kynningar eða umsagnar. • Starfsmenn ættu að fá fræðslu um lagalegan grundvöll fyrir þátttöku barna og ungmenna, gæti farið inn í gæðakerfi sem liður í móttöku nýrra starfsmanna. • Þyrftum að finna leiðir til að heyra betur raddir yngstu barnanna. • Mikilvægt að leita sérstaklega til barna þegar verið er að fjalla um málefni er snertir þau sérstaklega: leikvellir, opnunartímar, samgöngur, frístundaheimili, almenningssvæði o.s.frv. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gefa börnum tækifæri til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem þeim er ætluð, t.d. barnavernd. Ekki gleyma yngsta aldurshópnum. • Mögulega hafa sérstök ábendingakerfi fyrir börn – mögulega nýta skólana a.m.k. til að upplýsa börnin um leiðir til að koma ábendingum á framfæri til sveitarfélagsins. Börn hefðu þá beinan aðgang til að koma athugasemdum á framfæri. Sérstök barnagátt í hugmyndasöfnun Okkar Kópavogs? • Virkja tengslin við ungmennaráð þannig að samráð verði meira. • Virkja leiðir þannig að börn á öllum aldri geti fengið upplýsingar/ráðgjöf án aðkomu foreldra: t.d. hafa opna tíma með sálfræðingi/námsráðgjafa í skólum og félagsmiðstöðvum þannig að börn geti leitað til þeirra að eigin frumkvæði. • Kanna með möguleika á aukinni viðveru skólahjúkrunarfræðinga. • Fá börnin sjálf til að leiðbeina fullorðnum um hvernig umhverfi stofnana geti verið hlýlegra – t.d. vinnuskólinn. • Skortir á að börn séu upplýst um réttindi sín s.s. rétt þeirra á frístundastyrk. • Finna leiðir til að ráðfæra sig við börn með fatlanir, sérstök áhugamál eða aðra sérstöðu.

6.2 Viðhorfskannanir

Árið 2019 voru gerðar tvær viðhorfskannanir, önnur meðal barna í 5. – 10. bekk í grunnskólum Kópavogs og hin meðal starfsmanna bæjarins. Kannanirnar voru gerðar í gegnum forritið Outcome og ábyrgð þeirra var hjá verkefnisstjóra innleiðingar Barnasáttmálans. Helstu niðurstöður verða raktar hér að neðan.

6.2.1 Könnun meðal barna

Könnunin var framkvæmd í byrjun apríl 2019. Könnunin var send á netföng barna eftir að kynningarbréf höfðu verið send til foreldra og forráðamanna og annað til barnanna. Skólastjórnendur voru beðnir um




Mynd 2: Aldursdreifing barna sem svöruðu könnun Kópavogsbæjar.

að hvetja umsjónakennara til að nýta kennslustund til að svara könnuninni. Einungis var gefin vika til að svara og ekki voru sendar út áminningar til nemendanna sjálfra til að lágmarka truflun og áreiti. Könnunin var send á 3.200 netföng en svör bárust frá 447 nemendum sem er tæplega 14% svörun. Aldursdreifing svarenda má sjá á mynd 2.

Um 52% svara kom frá stúlkum, 46% frá drengjum og 1,8% merkti við annað (hvorki stúlka né drengur).

Íslenska er töluð á 83,7% heimila svarenda, íslenska ásamt öðru tungumáli á 14,5% heimila og eingöngu annað tungumál á 1,8% heimila.

Spurt var hvort börnin hefðu heyrt um Barnasáttmálann og reyndust um 34% barna ekki hafa heyrt um Barnasáttmálann eins og sjá má á mynd 3. Einungis um 20% barnanna töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum.



Mynd 3: Hlutfall barna sem hefur heyrt um Barnasáttmálann.


Heldur fleiri strákar eru í hópi þeirra sem ekki hafa heyrt um Barnasáttmálann.

Sem bakgrunnsbreyta voru nemendur spurðir hversu auðvelt/erfitt þau telja að það sé fyrir foreldra þeirra að greiða reikninga. Niðurstöðurnar sýna að tæplega helmingur barna sem ekki veit hversu auðvelt eða erfitt það er fyrir foreldrana að greiða reikninga hefur ekki heyrt um Barnasáttmálann. Tæp 30% þeirra sem telja það svolítið erfitt, þekkja ekki til Barnasáttmálans.

Spurt var hvort réttindin í Barnasáttmálanum gildi um þau sjálf en rúm 61% barna vita ekki hvort svo er. Þá vissu um 60% barna ekki hvort þau gætu misst réttindin sín ef þau gerðu eitthvað af sér. 13% barna töldu sig geta tapað réttindum sínum en 28% vissu að þau tapa ekki réttindum sínum skv. Barnasáttmála, jafnvel þótt þau geri eitthvað af sér.


Börnin voru spurð hvort Kópavogsbær hefði spurt þau um skoðun þeirra á málefnum er varða börn og ungmenni. Rúm 80% sögðu svo ekki vera.

Þegar börnin voru spurð hvort þau myndu vilja að bærinn spyrði þau oft um skoðun þeirra á því sem gert er í bænum voru skoðanir nokkuð skiptar eins og sjá má á mynd 4, en flestir vilja að leitað sé eftir skoðunum þeirra eða tæp 47%.




Mynd 4: Hlutfall svara eftir því hvort börn vilji að bærinn leiti eftir skoðunum þeirra í málefnum bæjarins.

Börnin voru spurð hvernig þau teldu best fyrir Kópavogsbæ að leita eftir skoðunum barna. Flest atkvæði fékk valið að gera kannanir meðal barna og ungmenna (25,4%), þá að nota skólana eða félagsmiðstöðvar til samráðs (19,2%) eða halda fundi með þeim (16,9%). Sjá samantekt á mynd 5 hér að neðan. Í árslok 2019 tók Kópavogsbær þátt í íbúasamráðsverkefni með Sambandi íslenskra sveitafélaga er lýtur að samráði við börn og tengist því þessari spurningu. Verkefnið tengist Aðgerð 3 og verður kynnt frekar í umfjöllun um Aðgerð 3.



Mynd 5: Hugmyndir barna um hvernig best sé að leita eftir skoðunum þeirra varðandi málefni bæjarins.


Spurt var hvort börnin fengju tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er annars vegar í skólanum og hins vegar í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Stærri hópur sagðist fá tækifæri til að hafa áhrif innan skólans eða um 57% en 42% í íþrótt og tómstundastarfi.



Börnin voru jafnframt spurð hvort þau telji að allir fái jöfn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum. 50% telja svo vera, 30% ekki og um 20% veit ekki hvort svo sé. Sjá mynd 6.


Mynd 6: Fá öll börn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum?

Þá var kannað hvort börnin telji að allir krakkar í skólanum geti verið eins og þeir eru án þess að vera strítt. Stærsti hluti barna telur svo ekki vera eða nálægt 40% samanber niðurstöður sýndar á mynd 7.



Mynd 7: Fá allir í skólanum að vera eins og þeir eru án þess að vera strítt?


Börnin voru spurð hvort þeim fyndist þau vera örugg alls staðar í skólanum. Langflestir upplifa öryggi í skólanum eða um 69%. 12,4% eru ekki vissir en 18,5% upplifa sig ekki örugg í skólanum – sjá mynd 8. Skoða þarf m.a. hvort þessi upplifun eigi frekar við um ákveðna aldurshópa, kyn eða jafnvel skóla.




Mynd 8: Spurt hvort börnin upplifi sig örugg í skólanum.

Spurt var hvort börnin telji fullorðna fólkið í skólanum vita hvernig bregðast skuli við ef barni líður illa. Næstum 30% barna telja svo ekki vera, um 29% vita það ekki og tæp 42% telja að fullorðnir viti hvernig bregðast skuli við.

Loks voru börnin spurð hvort þau gætu leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim liði illa. Flestir nefna umsjónakennara sinn (25%) en þar á eftir nefna börnin námsráðgjafa eða félagsráðgjafa (15%). Rúm 7% barnanna segja að það sé enginn innan skólans sem þau geti leitað til ef þeim líður illa – sjá samantekt á mynd 9.



Mynd 9: Til hvers ef nokkurs geta börnin leitað til í skólanum ef þeim líður illa.



Loka spurningin var hvernig börnunum finnst að búa í Kópavogi, en 94% barnanna telja mjög gott eða frekar gott að búa í Kópavogi á meðan tæp 6% finnst það frekar leiðinlegt eða mjög leiðinlegt eins og sjá má á Mynd 10.

Mynd 10: Hvernig finnst þér að búa í Kópavogi?

6.2.2 Könnun meðal starfsmanna

Í apríl 2019 var gerð könnun meðal starfsmanna bæjarins á þekkingu og viðhorfi þeirra til Barnasáttmálans og málefnum tengdum börnum. Könnunin var send út á 2.437 tölvupóstföng. Svör bárust frá tæplega 20% starfsmanna eftir að áminning hafði verið send út tvisvar sinnum.

Flest svara komu frá starfsfólki í grunnskólum eða félagsmiðstöðvum, þá leikskólum og svo öðrum starfsstöðvum, sbr. samantekt í töflu 2:


Tafla 2: Svarendur eftir vinnustöð starfsmanna.

Svarendur	Fjöldi	Hlutfall
Starfa í leikskóla	139	29%
Starfa í grunnskóla eða í frístundastarfi	229	48%
Önnur vinnustöð	110	23%

99% starfsmanna hafa heyrt um Barnasáttmálann og um 70% segjast geta nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum. 95% starfsmanna telja að Barnasáttmálinn gildi um öll börn, 1,5% telur svo ekki vera og 4% veit ekki hvort svo sé.

Stór hluti starfsmanna telur að réttindin í Barnasáttmálanum hafi í för með sér skyldur fyrir börn – sjá Mynd 11: Hafa réttindi í Barnasáttmálanum í för með sér skyldur fyrir börn? Línurit sýnir niðurstöður eftir starfsstöð.


Tæp 36% starfsmanna telur að skyldur fylgi réttindum í Barnasáttmála og í þeim hópi er stærsti hluti starfsmanna úr grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Um 23% vita ekki hvort skyldur fylgi réttindum í Barnasáttmálanum.



Mynd 11: Hafa réttindi í Barnasáttmálanum í för með sér skyldur fyrir börn? Línurit sýnir niðurstöður eftir starfsstöð.

Langstærsti hluti starfsmanna veit að barn getur ekki misst réttindi sín þótt það brjóti eitthvað af sér eða um 89%, 10% veit það ekki og 1% telur að börnin geti misst réttindin ef þau brjóta af sér.


90% starfsmanna segja að Barnasáttmálinn eigi við í því starfi sem þeir gegna og 91% segjast spyrja börn álits eða lofa þeim að taka þátt í starfi sínu með einhverjum hætti.



Mynd 12: Hefur þú fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámsskrá segja um mannréttindi?

Starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu fengið fræðslu um réttindi barna og hvernig þau tengist skólastarfi, frístundastarfi eða barnavernd. Einungis 63% svöruðu því játandi. Þá voru starfsmenn spurðir hvort þeir hefðu fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámsskrá segja um mannréttindi en niðurstöður þeirrar spurningar eru að finna á mynd 12.

94% starfsmanna telur sig vita hvernig bregðast skuli við ef barni líður illa en einungis 63% segja að tilkynningaskylda barnaverndarlaga hafi verið kynnt fyrir þeim á vinnustaðnum og sama hlutfall að til séu skýrar verklagsreglur á vinnustaðnum um tilkynningar til barnaverndar. 18% segja að ekki séu til verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndar á þeirra vinnustað og 18% segjast ekki vita hvort svo sé.




Mynd 13: Hefur þú fengið fræðslu um hvernig eigi að bregðast við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi?

Þegar spurt var hvort starfsmenn hafi fengið fræðslu um hvernig bregðast skuli við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi reyndust um 34% aldrei hafa fengið slíka fræðslu, sbr. mynd 13.

Hlutfallslega fleiri töldu sig vita hvernig þeir ættu að bera sig að ef þá grunaði að barn verði fyrir ofbeldi/vanrækslu eða um 85%. 15% starfsmanna telji sig ekki vita hvernig bregðast skuli við.

63% starfsmanna segjast hafa sent tilkynningu til barnaverndar vegna gruns um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi og margir þeirra oft en einu sinni sbr. mynd 16 hér að neðan.



Mynd 14: Hversu oft hefur þú sent tilkynningu til barnaverndar?

Um 84% starfsmanna segjast fá tækifæri til að leita eftir viðhorfum barna og ungmenna í starfi sínu og nánast allir starfsmenn eru sammála þeirri ákvörðun Kópavogsbæjar að innleiða Barnasáttmálann. Þeir fáu sem voru ósammála töldu of mikið álag á starfsfólki og ekki á bætandi t.d. fyrir starf kennara eða vildu hafa fengið betri kynningu á því hvað það þýddi í raun að innleiða Barnasáttmálann hjá bænum.

6.3 Ungmennaráð

Þann 13. mars 2019 stóð ungmennaráð fyrir ungmennahæpingi. Ungmennin sáu sjálf um undirbúning og skipulagningu en fengu aðstoð frá starfsfólki félagsmiðstöðva við að halda utan um niðurstöður fundanna. Samantekt á helstu niðurstöðum þingsins er að finna í töflu 3 á næstu síðu.

Tafla 3: Samantekt á helstu niðurstöðum ungmennáþings frá mars 2019.

Skólamála	Félagsmála	Forvarnir	Umhverfismála
<ul style="list-style-type: none"> • Hafa val um skólasund á unglíngastígi, áherslu á björgunarsund í efstu bekkjum. • Hafa kokk sem eldar góðan mat. Fá lengri matartíma og að unglíngar megi fara út til að kaupa sér mat. • Vinnuaðstaða: Að skólar hefjist á sama tíma. Að nota tölvur í stað ípada (óþægilegt að skrifa á ípad fremur en lyklaborð). Þægilegri stóla og borð og betri (rúllu)gardínur. • Hafa yngri kennara, einhverja sem eru nær manni í aldri. Fræða líka kennara um hvernig þeir nálgast nemendur. • Læra almenn húsverk í skóla t.d. í heimilisfræði s.s. að strauja. • Hafa val um þrjú tungumál, skoða sem valgrein. Hafa val um að læra dönsku. Byrja að kenna fyrir og þú getir valið hvort þú viljir læra hana áfram eða annað tungumál. • Að kenna sjálfsvörn og skyndihjálp í skólanum t.d. sem valáfanga. • Kennsla eða fræðsla í fjármálalæsi. • Hafa aðgengi að dömubindum, túrtöppum inn á kvennaklósetti. Hafa einstaklingsklósett, meira næði á klósettum, t.d. vera með vegg niður í gólf og upp í loft. • Meiri afþreyingu í frímínútum á skólatíma. • Útrýma einelti í skólum, ekki baktala, hjálpa öðrum að eignast vini, vera með bekkjarkvöld, félagstíma og gera eitthvað skemmtilegt á skólatíma. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hafa fleiri böll og viðburði, ekki síst á unglíngastígi. • Hafa félagsmiðstöðvarnar opnar meira. Hafa opið í félagsmiðstöðvunum á sumrin t.d. 2x í viku. Hafa félagsmiðstöðina meira opna á skólatíma. • Frítt fyrir 18 ára og yngri í strætó. • Meiri kynningu á Ungmennahúsinu Molanum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fræðsla fyrir drengi (Fávítarnir). • Fræða meira um það sem er að gerast í heiminum í kringum okkur. Læra t.d. um loftlagsmál og stöðu innflytjenda. • Dæmi um meiri fræðslu: loftlagsbreytingar, kynfræðsla, andleg heilsa, Fávítar (fræðsla), Sjúkást, Minningarsjóður Einars Darra. • Fræða um neikvæð áhrif eiturlyfja, reynslusögur sem ekki endilega enda vel. • Auka kynfræðslu í skólum. Læra um heilbriggt kynlíf, fá að vita meira um kynlíf, hafa fræðsluna kynjaskipta. Byrja fræðsluna í 6.bekk og hafa hana alltaf reglulega út 10.bekk. Fá kynfræðslu frá utanaðkomandi aðila líkt og Siggú Dögg. • Að boðið verði upp á opna tíma frá sálfræðingi 1x-2x í viku. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreyttari vinna í Vinnuskólanum. • Wi-fi í ljósastaura Kópavogs • Endurvinnna meira og frekari kynningu/fræðslu til ungs fólks um endurvinnslu. • Meira um gróður á skólalóðir. • Gæta að því að plast fjúki ekki frá Sorpu inn á útsvæði hjá Skátunum. • Hætta að vera með bréþurrkur til að þurrka hendur, vera frekar með góðar handþurrkur. • Frítt í strætó fyrir grunnskólanema eða háan afslátt. • Skipulögð ruslatínsla hjá grunnskólum í hverju skólahverfi, t.d. nota náttúrfræðitíma til að tyna rusl, átt við unglínga þar sem það er öruggara svo enginn sé að tína upp hættulega hluti. • Bæta lýsingu á íþróttavöllum og á opnum svæðum hjá skólum. • Auka kennslu um loftlagsmál, bæta t.d. við náttúrfræðikennslu.

6.4 Hvað segja yngri börnin

Á tveimur leikskólum voru elstu börnin fengin til að meta námsumhverfi sitt og leiksvæði. Á leikskólastigi lærir barnahópurinn í gegnum leik og því getur það haft mikið að segja að börnin hafi áhrif á leiksvæði og leikefni. Börnin fóru um með spjaldtölvu og tóku myndir af því sem þeim fannst skemmtilegast og því sem þeim fannst leiðinlegast



og ræddu myndirnar við leikskólakennara. Fram komu persónulegar skoðanir s.s. skemmtilegt að leika á kubbvasvæði en leiðinlegt að púsla. Nokkur 5 ára börn nefndu það sérstaklega að þeim þætti leiðinlegt þegar verið væri að stríða þeim. Ef þetta mat barna á starfinu væri gert oftar yfir árið, yrði það markvissara og hægt væri að vinna úr því t.d. með því að breyta leiksvæði eða leikefni barnanna eftir því hverjar niðurstöðurnar eru og þannig hafa þau áhrif á námið sitt.

7. Mælaborð – lífsgæði barna í Kópavogi

Þegar fyrir lá að Kópavogsbær myndi innleiða Barnasáttmála SP var strax farið að velta upp hvernig best væri að fylgjast með stöðu barna í bænum og þróun mála. Skoðaðar voru alþjóðlegar mælingar á stöðu, heilsu og líðan barna en við ítarlega skoðun reyndust margar þessara mælinga hafa takmarkað gildi í ríku þróðu landi. Í þessum mælingum er mikil áhersla á að grunnþarfir barna séu uppfylltar sem og öryggi þeirra. Dæmi um mælingar eru t.d. ungbarnadauði og dauðsföll af völdum smitsjúkdóma s.s. mislinga, mælikvarðar sem eru mikilvægir í efnalitlum löndum heims. Á grundvelli helstu greina Barnasáttmálans og kenningum Maslows var ákveðið að þróa mælaborð sem hentaði betur ríku þróðu landi s.s. að fylgjast með andlegri líðan barna og ungmenna og viðurkenningu og tækifærum til sjálfsþroska. Efsta þrep þarfapíramída Maslows er sjálfsbirting eða það sem við gætum kallað lífsfylling sem gjarnan er æðsta markmið fólks í lífinu. Samkvæmt kenningu Maslows „hafa þeir sem ná sjálfsbirtingu góða tilfinningu fyrir stöðu sinni og heimsins í heild, þeir sætta sig við sjálfa sig og aðra, eru eðlilegir og óþvingaðir, beina yfirleitt athyglinni að öðru en sjálfum sér, leita eftir einrómi af og til og líta á tilveruna með ljóma í augum“³. Þeir sem ná þessu stigi einkennast gjarnan af umburðarlyndi, sköpunargleði og sjálfstæði. Þessa þætti í lífi íslenskra barna og ungmenna viljum við byggja undir og fylgjast með auk grunnþáttanna sem allt eru stoðir undir sterka sjálfsmynd. Sjá framsetningu á hugmyndafræði Maslows á mynd 17.



Mynd 15: Einfalt módel af þarfapíramída Maslows

³ <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5647>. Sótt 9. júlí 2019


8. Aðgerðir

Í þessum kafla verða listaðar upp aðgerðir sem stefnt er að því að vinna frekar með og að þeim verði lokið eða þær komnar vel af stað fyrir árslok 2021. Aðgerðirnar eru átján og er skipt upp í sjö þætti:

1. Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna
2. Þátttaka barna
3. Jafnræði, samkennd og virðing
4. Fræðsla
5. Menntun og skólinn
6. Umhverfismál
7. Stjórnsýsla

Aðgerðirnar byggja á niðurstöðum kortlagningarinnar þar á meðal greiningu gátlista, niðurstöðum kannanna tengdum innleiðingu Barnasáttmálans, niðurstöðum fyrirbyggjandi rannsókna um stöðu barna í Kópavogi frá aðilum eins og Rannsóknum og greiningu og Skólavog og niðurstöðum ungmennabings.

Aðgerðirnar sem listaðar eru upp hér að neðan styðja við grunnþætti Barnasáttmálans sem og Heimsmarkmiðin. Þótt öll Heimsmarkmiðin séu undir styðja aðgerðirnar sterkast við eftirfarandi Heimsmarkmið:



Yfirlit yfir aðgerðir innleiðingar Barnasáttmála

Ath: vinnuframlag núverandi starfsfólks er ekki inni í kostnaðartölum

Nr	Aðgerð	Kostnaður innleiðingar	Kostnaður Rekstur	Staða	Ábyrgðaraðili	Athugasemdir
1	Þróun mælaborðs um lífsgæði barna í Kópavogi	3.500.000		Innleiðingu lokið Viðhaldi þarf að finna stað	Sérfræðingur lýðheilsamála þar til annar tekur við.	Félagsmálaráðuneyti hefur þegar greitt innleiðingarkostnað
2	Þróun hugbúnaðar til að auðvelda snemmtæka íhlutun	-	-	Greiningarvinnu lokið	Deildarstjóri barnaverndar	Félagsmálaráðuneyti leiðir verkefnið
3	Leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna	3.000.000	?	Fyrstu greiningarvinnu lokið	Verkefnisstjóri íbúatengsla	Gera má ráð fyrir árlegum kostnaði síðar, væntanlega vegna tengiliðs barna
4	Börn og ungmenni geti haft bein áhrif á starfsemi bæjarins	400.000	200.000	Vinnu lokið að hluta. Öðrum hluta lokið í ár	Verkefnisstjóri íbúatengsla og almannatengill	
5	Geðrækt: að vinna með lífsgildin, gagnkvæma virðingu, jafnræði og samkennd.	0	0	Ekki byrjað	Deildastjóri grunnskóladeildar	Þessi aðgerð er á byrjunarreit. Starfsmenn vinna frekar með aðgerðina
6	Auka þekkingu á Barnasáttmála hjá börnum, öðrum íbúum og starfsfólki	2.000.000	200.000	Ekki byrjað	Almannatengill og samstarfsaðilar	Myndbönd og regluleg sýning þeirra og kynning
7	Efla fræðslu um tilkynningar þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni	800.000	1.000.000	Undirbúningur hafinn	Deildarstjóri barnaverndar og almannatengill	Árlegur kostnaður vegna aukavinnu starfsmanna
8	Aukin tækifæri fyrir börn og ungmenni að leita eftir aðstoð án formlegra beiðnaleiða – þarfagreining	0	0	Ekki byrjað	Sviðsstjóri menntasviðs	Vinna starfsfólks
9	Skoða álag á börnum og ungmönnum	350.000		Rannsóknarspurningar tilbúnar – haust 2020	Sérfræðingur lýðheilsamála	Unnið í samstarfi við Menntasvið HÍ
10	Fara yfir vinnuaðstöðu barna og öryggi	0	0	Ekki byrjað	Sviðsstjóri menntasviðs	Vinna starfsfólks
11	Forvarna- og heilsueflingarmál - þarfagreining	0	0	Þarfagreining ekki byrjuð	Deildarstjóri frístundadeildar	Vinna starfsfólks
12	Að efla og auka þátttöku barna í umhverfismálum	9.000.000	8.000.000	Hugarflugsfundir hafa verið haldnir	Sérfræðingur lýðheilsamála ýti úr vör. Verkefnastjórar taki við	
13	Yfirfara og skerpa verklagsreglur vegna tilkynninga til barnaverndar	200.000	0	Undirbúningur hafinn	Deildarstjóri barnaverndar, deildastjóri grunnskóladeildar, gæðastjóri	Vinna starfsfólks
14	Yfirfara jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna	0	0	Í vinnslu	Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs	Vinna starfsfólks
15	Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna	0	0	Ekki byrjað	Verkefnisstjóri íbúatengsla og gæðastjóri	Vinna starfsfólks
16	Barnamiðuð fjárhagsáætlun	0	0	Ekki komið til framkvæmdar	Bæjarstjórn Kópavogs	Vinna starfsfólks
17	Tengiliður barna	0	?	Ekki komið til framkvæmdar	Bæjarstjórn Kópavogs	Gera má ráð fyrir árlegum kostnaði – mögulega hlutastarf hjá núverandi starfsmanni
18	Alþjóðleg tengsl	0	0	Ekki byrjað	Tengiliður barna (þegar hann hefur verið ráðinn)	
Heildarkostnaður miðað við ofangreindar áætlanir:		19.250.000	9.400.000			

8.1 Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna




Styður við öll Heimsmarkmið og allar greinar Barnasáttmálans.

Aðgerð 1

Þróun mælaborðs.

Umsjón: Sérfræðingur lýðheilsu mála í samstarfi við þverfaglegan vinnuhóp starfsfólks, UNICEF, félagsmálaráðuneyti og aðra samstarfsaðila.

Lýsing: Mikið af gögnum er safnað um aðstæður, upplifun, heilsu og líðan barna í grunnskólum. Þessum gögnum er safnað af einkafyrirtækjum eins og Rannsóknunum og greiningu og Skólavog en einnig fjölþjóðlegum verkefnum s.s. HBSC (Health Behaviour in School-aged children). Aðgerð 1 gengur út á að þróa mælaborð þar sem gögnum úr rannsóknum og könnunum er safnað saman á kerfisbundinn hátt til að gefa mynd af lífsgæðum barna í Kópavogi, upplýsingar sem kjörnir fulltrúar og embættismenn geta nýtt til ákvarðanatöku og við gerð fjárhagsáætlunar. Mælaborðinu er skipt í fimm víddir: Menntun, Heilsa og vellíðan, Öryggi og vernd, Samfélagsleg þátttaka og Jafnræði, sbr. mynd 19. Þessir þættir byggja á grundvallaratriðum Barnasáttmálans.



Mynd 17: Fimm víddir mælaborðs um lífsgæði barna.

Vinnan við þróun mælaborðsins hefur farið fram samhliða vinnu við gerð aðgerðaáætlunarinnar og hefur fyrsta útgáfa mælaborðsins þegar verið gefin út og er nú aðgengilegt á heimasíðu Kópavogsbæjar. Vinnan, sem unnin var í nánu samstarfi við UNICEF, hlaut talsverða athygli og félagsmálaráðuneytið varð fljótlega samstarfsaðili verkefnisins. Þá hafa World Council on City Data (WCCD), samstarfsaðili Kópavogsbæjar við innleiðingu ISO 37120 og ISO 37122 sem og OECD sýnt þróun mælaborðsins áhuga.

Í október 2019 var fulltrúum Kópavogsbæjar boðið að kynna mælaborðið á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu Barnvænna sveitarfélaga. Mælaborðið vann til verðlauna á ráðstefnunni undir málaflokknum *stjórnsýsla barnvænna sveitarfélaga*. Mælaborðið er nú í frekara rýni hjá fagaðilum og nýjum samstarfsaðilum s.s. Hagstofu Íslands.

Tími: Fyrsta útgáfa mælaborðs er tilbúin og aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Fjárförf: Verkefnið var unnið með styrk frá félags- og barnamálaráðuneyti.

Mæling: Að mælaborð sé tilbúið og tryggt að því sé haldið við.

Áskorun eða ábendingar:

Mikilvægt er að efla rannsóknir og kannanir fyrir leikskólabörn (foreldrar og leikskólakennarar gætu verið upplýsingaveitur fyrir hönd barnanna).

Að tryggja að mælaborðinu sé viðhaldið og að því sé fundinn ábyrgðaraðili innan stjórnsýslunnar. Með samningum við gagnaveitur má tryggja rafrænan öruggan flutning

gagna milli kerfa. Mögulega mun Hagstofan taka yfir mælaborð Barnvænna sveitarfélaga í framtíðinni og þar með sjá um söfnun og úrvinnslu gagna.

Aðgerð 2

Þróun hugbúnaðs til að greina aðstæður barna og skapa betri grundvöll til snemmtækrar íhlutunar.

Umsjón: Vinna leidd af félagsmálaráðuneyti í samstarfi við þverfaglegan stýrihóp starfsmanna og fleiri samstarfsaðila.

Lýsing: Kara connect ehf vann fyrstu hugmyndir að verkefninu í samstarfi við Kópavogsbæ. Félagsmálaráðuneytið mun taka verkefnið áfram og gert er ráð fyrir að Kópavogur verði tilraunasveitarfélag. Aðgerðin miðar að því að tryggja að allir angar samfélagsins sem gæta, vista, kenna eða standa að málum barna geti tilkynnt um áhyggjur af vanda og/eða brotum á réttindum barna þannig að heildarsýn sé til staðar yfir líðan og velferð barns. Gert er ráð fyrir þróun sértæks hugbúnaðar sem hafi það hlutverk að greina upplýsingar og aðstæður barna eða fjölskyldna sem vísbendingar eru um að gætu haft gagn af þjónustu nærumhverfisins.

Tími: Þar sem verkefnið er leitt af félagsmálaráðuneyti fer tímaáætlun eftir því hvernig málum vindur fram hjá ráðuneytinu.

Fjárförf: Fjármagnað af félags- og barnamálaráðuneyti, væntanlega í samstarfi við Kópavogsbæ.

Mæling: Fyrstu drög að hugbúnaði.

Áskorun eða ábendingar:

Verkefnið er leitt af öðrum aðila en Kópavogsbæ og því getur Kópavogsbær einn og sér ekki tekið málið áfram að svo komnu máli.

8.2 Þátttaka barna



Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans:

HM 10.2 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 23; 30

HM 10.3 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 4

HM 16.7 og Barnasáttmáli: Greinar 2; 12.1; 13; 15; 17

Aðgerð 3

Verklagi sé komið á sem tryggir að markvisst sé leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna, ekki síst í málefnum og ákvarðanatöku er varðar börn og ungmenni.

Umsjón: Verkefnisstjóri íbúatengsla í samstarfi við þverfaglegan vinnuhóp m.a. börn og ungmenni.

Lýsing: Könnun sem Kópavogsbær gerði meðal 10 - 16 ára barna leiddi í ljós að 80% barna segja Kópavogsbæ aldrei hafa leitað eftir skoðunum þeirra. Könnunin sýndi jafnframt að 47% barna vill að bærinn leiti eftir skoðunum þeirra. Þá kom fram í samtölum við ungmenni í Kópavogi sem leggja stund á nám í MK að aldrei hafi verið leitað eftir skoðunum þeirra. Þau sögðust

hafa áhuga á að taka þátt í starfi bæjarins. Ein hugmynd sem þau komu með var að setja upp kannanir í gegnum heimasíðu bæjarins sem væru auglýstar á samfélagsmiðlum. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Kópavogsbæjar vilja flest barnanna fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í gegnum kannanir, að haldnir séu með þeim fundir eða leitað eftir viðhorfum þeirra á vettvangi skólanna eða félagsmiðstöðvanna.

Í árslok 2019 tók Kópavogsbær þátt í samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er liður í því að vinna handbók fyrir íbúasamráð. Verkefni Kópavogsbæjar gekk út á að leita ráða og að eiga samstarf við börn og ungmenni á grunnskólaaldri um það hvernig þau geti komið meira að málefnum sveitarfélagsins og innleiða þannig markvisst 12. grein Barnasáttmálans um rétt barna til að tjá sig og að á þau sé hlustað. Markmið verkefnisins var að öðlast þekkingu á því hvernig best sé fyrir sveitarfélagið að eiga í markvissu og stöðugu samstarfi við börn og ungmenni og skapa þannig traustan grundvöll fyrir þekkingarmiðlun og samráði á milli stjórnenda sveitarfélagsins og barna og ungmenna sem þar eiga lögheimili.

Það voru einkum tvær spurningar sem börnin unnu með í 5 – 6 manna hópum. Börnin komu frá tveimur skólum og voru frá 3. – 10. bekk skólanna. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- a) hvaða leiðir teljið þið að henti til að koma skoðunum ykkar á framfæri við bæjaryfirvöld?
- b) hvernig má gera þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvarstarfi?

Helstu niðurstöður er að finna á tveimur næstu blaðsíðum:

Hvaða leiðir telja börnin að henti til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld?

Nota app og/eða samfélagsmiðla til samskipta og kannana


Útbúa app og/eða nota samfélagsmiðla samskipta. Börn geti sent inn athugasemdir eða hugmyndir en má líka nota til að kalla eftir skoðunum barna s.s. með könnunum eða álitsgjöf. Þá má nýta heimasíðu til ábendinga eða Facebook síðu bæjarins eða aðra samfélagsmiðla s.s. Snapchat.

Nota félagsmiðstöðvar betur

Nota má viðverustundir í félagsmiðstöðvum mun betur, t.d. í starf eins og að vinna með hugmyndir um hvernig gera má bæinn betri, taka saman niðurstöður og senda til bæjarstjórnar, eða fulltrúi bæjarstjórnar komi á fundi í félagsmiðstöðvum.

Hugmyndakassi/Kannanir

Hafa hugmyndakassa í skólunum þar sem nemendur geta safna nafnlausum hugmyndum. Vinnuhópur innan skólans gæti unnið reglulega úr hugmyndunum, tekið saman og sent til bæjarstjórnar. Einnig hægt að hafa kannanir meðal barna um stærri mál er þau varða.



Halda reglulega (frímínútna) fundi

Bæjarstjóri eða fulltrúar bæjarstjórnar komi reglulega í skólana og t.d. að skólinn noti frímínútur í stuttan fundi. Þá mætti líka nýta einhverjar kennslustundir s.s. tvöfalda tíma til að taka á mót fulltrúum bæjarstjórnar. Jafnframt mætti hugsa sér að bæjarstjórn hafi opna fundi sem börn geta sótt. Skype fundur gæti jafnframt komið til greina

Sendu bréf, tölvupóst eða SMS

Nemendur, ýmist sem einstaklingar eða sem hópur, geti tekið saman erindi og sent til bæjarstjórnar annað hvort sem bréf, tölvupóst eða sem SMS.

Sendu fulltrúa nemenda á fund bæjarstjóra

Vinna verkefni í skólunum þar sem eiga sér stað skoðanaskipti og umræður t.d. einu sinni í mánuði. Í framhaldinu fari fulltrúar barna t.d. nemendaráð á fund bæjarstjóra eða bæjarstjórna. Að þetta sé gert reglulega.

Kópavogur, desember 2019: Hugmyndir barna að mögulegum samskiptaleiðum við bæjaryfirvöld

Hvernig má gera þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvarstarfi?



Djálfun


Þjálfra börn, kennara og starfsmenn skóla, frístundar og félagsmiðstöðva í virkri hlustun, samræðum, samantekt og lýðræðislegum ákvörðunum.



Umræðuvettvangur

Innan hvers skóla séu fráteknir tímar til að ræða málefni barna og samfélagsins. Gera má ráð fyrir slíkum umræðufundum í byrjun hverrar annar.

Talsmaður barna gæti annast slíka fundi.



Krakkaping

Að árlega sé haldið krakkaping þar sem rædd eru þau mál er börn og ungmenni vilja ræða og fram koma á umræðufundum innan skólanna.

Gert er ráð fyrir þátttöku frá öllum skólum.



Kynningar fyrir bæjarstjórn

Niðurstöður krakkapings séu kynntar af nemendum fyrir bæjarstjórn og samtal tekið um það sem fram kemur í niðurstöðunum.

Í framhaldi séu unnar tillögur sem hægt er að setja í kosningu meðal barna í Kópavogi.



Krakkakosningar

Að efnt sé til krakkakosninga um niðurstöður krakkapings og samráðs við bæjarstjórn. Sambærilegt og „Okkar Kópavogur“ nema eingöngu með þátttöku barna og ungmenna.

Kópavogur, desember 2019: Hugmynd að ferli um áhrif barna á starf bæjarstjórnar sem hluta af daglegu skóla- og/eða frístundastarfi.

Eins og sjá má af niðurstöðum eru ýmsar góðar hugmyndir að samráðsleiðum en einnig hugmynd að ferli sem setja mætti upp og tryggja þannig stöðugt samráð við börn og ungmenni.

Liður í þessari aðgerð verður því m.a. að koma upp verkferlum fyrir reglulegt samráð við börn og ungmenni, byggja upp traust og þjálfa börn og ungmenni í samræðum, rökraedum og lýðræðislegri þátttöku. Þá þarf jafnframt að skoða þjálfun kennara og starfsfólks í nýjum leiðum til að virkja þátttöku barna og ungmenna. Réttindaskóli UNICEF gæti verið eitt af verkfærunum innan þessarar aðgerðar en ein af grunnforsendum réttindaskólanna er að þjálfa börn í að þekkja rétt sinn og tjá sig.

Tími: Verkefni er tengjast aðgerðinni verði undirbúin 2020 og markviss tilraun til að hvetja börn og ungmenni til þátttöku verði reynd frá hausti 2020.

Fjárförf: Innleiðing: 3.000.000 sbr. verkþættir hér að neðan.

Árlegt: Hluti af starfi verkefnisstjóra íbúasamráðs og tengiliðs barna.

Verkþáttur	Kostnaður
Undirbúningur	Vinna starfsmanna
Samráðsfundir	Vinna starfsmanna, aðstaða í skólum
Úrvinnsla og kynning	Vinna starfsmanna
Hanna verkferla	Vinna starfsmanna
Þjálfa starfsfólk og kennara	1.000.000
Þjálfa börn og ungmenni	2.000.000
Árlegur kostnaður	Vinna starfsmanna

Mæling: Innleiðing ferils sem tryggir reglulegt samráð við börn og ungmenni í Kópavogi.

Áskorun eða ábendingar:

Að tryggja að jaðarhópar verði ekki útundan þegar kemur að samráði s.s. fötluð börn eða börn af erlendum uppruna. Mögulega þarf að hafa sértækar leiðir til að tryggja raddir þeirra og samráð.

Að skoða hvernig hægt er að virkja leikskólabörn og heyra raddir þeirra með aðstoð fagmenntaðra leikskólakennara sem eru þjálfaðir til að vinna með lýðræði og þátttöku barna frá unga aldri.

Aðgerð 4

Tryggja að börn og ungmenni geti haft bein áhrif á starfsemi bæjarins, án aðkomu foreldra eða forráðamanna, með skoðanir sínar og viðhorf.

Umsjón: Verkefnisstjóri íbúasamráðs og sviðsstjóri menntasviðs í samstarfi við þverfaglegan vinnuhóp.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér þróun og innleiðingu lausnar svo börn og ungmenni í Kópavogsbæ geti komið ábendingum og skoðunum á framfæri við Kópavogsbæ og einstakar stofnanir hans, án milligöngu fullorðinna aðila.

Unnið verður annars vegar með tilkynningarhapp á heimasíðu Kópavogsbæjar um tilkynningar til barnaverndar (var unnið í apríl 2020) og hins vegar með almannan happ á heimasíðu Kópavogsbæjar í ábendingarkerfi bæjarins, sem er í uppfærslu (unnið síðar á árinu

2020). Báðar lausnir verða aðgengilegar fyrir börn í grunnskólum Kópavogs, sem og unglíngi í Kópavogi. Kannað verður hvort hægt sé að gera báðar lausnirnar aðgengilegar á spjaldtölvum barna í grunnskólum Kópavogs.

Tími: Hluti verkefnisins er búinn en gera má ráð fyrir að innleiðingu verkferils ljúki eigi síðar en um mitt ár 2021.

Fjárförf: **Innleiðing:** 400.000 í gerð myndbands

Árlegt: 200.000 í árlegan kynningarkostnað

Verkþáttur	Kostnaður	Athugasemd
Þróun tilkynningahnapps fyrir bæði heimasíðu og til að hafa á spjaldtölvum	Verki lokið	Vinna starfsfólks. Aðkeyptur kostnaður féll á kynningarmál
Innleiðing og kynning vegna hnapps á spjaldtölvum	Verk í vinnslu	Vinna starfsfólks
Þróun ábendingarkerfis fyrir börn og ungmenni – innleiðing og kynning	Vinna starfsfólks	Verkefnisstjóri íbúatengsla
Gerð stutts myndbands um tilkynningahnapp og mikilvægi þess að við séum öll barnavernd.	400.000	Almannatengill, verkefnisstjóri íbúatengsla og aðkeypt vinna
Eftirfylgni með kynningu, nýtingu tilkynningahnapps og svörun við ábendingakerfi – tölfræðileg samantekt	Vinna starfsmanns	Hlutverk tengiliðs barna

Mæling: Nýjar leiðir fyrir börn og ungmenni að senda beint inn upplýsingar og almennar athugasemdir.


Áskorun eða ábendingar:

Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja megi að náð sé til barna og ungmenna sem tilheyra jaðarhópum eða þeirra sem hafa sérstöðu. Enn fremur að skoðað verði hvort hægt sé að virkja betur aðkomu yngstu barnanna.

Það þarf að vera alveg ljóst hver tekur við ábendingum sem berast frá börnunum og hvaða ferli tekur við í framhaldinu.

Tryggja þarf að MÁP (Mat á áhrifum á persónuvernd) greiningar tengdar þessari aðgerð séu gerðar.

8.3 Jafnræði, samkennd og virðing



Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans:

HM 3.4 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 24.1; 24.2 (a) (b) (c) (f)

HM 4.7 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 14; 17 (a) (b); 29.1 (b) (c) (d) (e); 30; 42

HM 5.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 19; 28.2; 34; 35; 36; 37 (a); 38.4; 39

HM 10.2 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 23; 30

HM 10.3 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 4

HM 16.1 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 19; 24.2 (a); 34; 35; 36; 37 (a); 38.4; 39

HM 16.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 6; 19; 21; 32; 34; 35; 36; 37(a)

Aðgerð 5

Geðrækt: að vinna með lífsgildin, gagnkvæma virðingu, jafnræði og samkennd.

Umsjón: Vinnuhópur með deildastjórum menntasviðs og fleiri fagaðilum bæjarins. Unnið í samstarfi við börn og ungmenni, ungmennaráð, foreldra og atvinnulífið.

Lýsing: Grunn- og leikskólar vinna ýmis verkefni sem tengja má við geðræktarstarf, m.a. er komið inn á eineltismál, vinaliða, sjálfsmynd og seiglu. Taka þarf saman yfirlit yfir þau verkefni sem þegar eru í gangi og skoða árangur og miðla af reynslu og þekkingu milli skóla því sem vel hefur tekist (e. best practices).

Þessi aðgerð er umfangsmikil og mun væntanlega að uppistöðu til leggja áherslu á vinnu með skólabrag og menningu. Verði hugmynd að **Geðræktarhúsi** í Kópavogi að veruleika má tengja aðgerðina við starf sem þar gæti farið fram.

Í könnun Kópavogsbæjar kom í ljós að um 40% barna telja að krakkar í skólanum geti ekki verið eins og þeir eru án þess að vera strítt. Tæp 30% veit ekki hvort hægt sé að vera eins og maður vill án stríðni (þessir þættir verða skoðaðir aftur í aðgerð 9) Þetta er stór hópur sem kallar á athygli og umræðu um markvissa vinnu með gagnkvæma virðingu og lífgildi almennt í sérstökum verkefnum þannig að allir geti fengið að hafa sín séreinkenni. Stríðni á aldrei rétt á sér og er særandi og niðurlægjandi. Niðurstöður Rannsókna og greiningar í 5., 6., og 7. bekk grunnskólanna sýna jafnframt að börnin telja skort á hrósi. 32 % stráka og 26% stúlkna í 7. bekk segja að kennarar hrósi sér sjaldan, næstum aldrei eða aldrei í skólanum⁴.

Nemendur sem þátt tóku í rýnihópi segja að einelti minnki með aldrinum en hins vegar verða þau meira vör við baktal. Menntaskólanemar segjast helst geta leitað til námsráðgjafa ef þau eru í vanda en þau eru líka hrædd við að gera það, því þau vilja ekki upplýsa um veikleika eða vandamál til að forðast fordóma. Gera má betur í að minna á jafnræði, talsmáta, látbragð og orðanotkun og tengja við gagnkvæma virðingu m.a. jafnræðis á grundvelli kynvitundar og kyneinkenna. Skoða þarf sérstaklega aðstæður minnihluta hópa t.d. tryggja að fatlaðir fái aðstoð við að svara könnunum sem og hvort nýbúar fái viðeigandi tungumálaaðstoð. Þá sýnir niðurstaða ungmennapings að áhugi er á að vinna gegn eineltismálum og baktali og að hjálpa öðrum að eignast vini.

Tími: Vinnuhópur útfæri hugmyndir að mögulegum verkefnum. Fyrstu hugmyndir fæðist 2020 en frekari útfærslur unnar 2021.

Fjárförf: Vinna starfsmanna þar til vinnuhópur hefur mótað hugmyndir sínar.

Mæling: Viðhorfskannanir og rýnihópar.

Áskorun eða ábendingar:

Í heimi þar sem fólk úr ólíkum menningarheimum er æ oftar að byggja upp samfélag í sameiningu er aukin þörf á gagnkvæmri virðingu s.s. á trúarbrögðum og ólíkum siðum.

Huga þarf að nemendum með annað móðurmál en íslensku.

⁴ Hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk árið 2017. Rannsóknir og greining 2017

Mikilvægt er að börn með skerðingar fái aðstoð án mismununar s.s. að báðum foreldrum sé gert kleift að sinna börnum sínum (hafi tiltæk úrræði á báðum heimilum).

8.4 Fræðsla



Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans:

HM 3.4: Barnasáttmálinn: Greinar 6; 24.1; 24.2 (a), (b), (c), (f)
HM 5.2: Barnasáttmálinn: Greinar 1; 19; 28.2; 34; 35; 36; 37(a); 38.4; 39
HM 4.7: Barnasáttmálinn: Inngangur og greinar 14; 17(a),(b); 29.1 (a),(b),(d),(e); 30; 42
HM 16.1 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 19; 24.2 (a); 34; 35; 36; 37 (a); 38.4; 39
HM 16.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 6; 19; 21; 32; 34; 35; 36; 37(a)
HM 16.6 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 4; 21
HM 16.7 og Barnasáttmáli: Greinar 2; 12.1; 13; 15; 17

Aðgerð 6

Auka þekkingu á Barnasáttmála hjá íbúum á öllum aldursskeiðum, með sérstaka áherslu á börnin sjálf og þá sem vinna með börnum.

Umsjón: Almannaþing og tengiliður barna leiða með þátttöku þverfaglegs vinnuhóps.

Lýsing: Gerð verði kynningaráætlun tengd innleiðingu Barnasáttmála og áætlun um árlegar kynningar tengdum verkefnum og ferlum í barnvænum Kópavogi. Gætt sé sérstaklega að því að börn séu upplýst um réttindi sín samkvæmt Barnasáttmála⁵, um ýmis framboð á vegum bæjarins s.s. frístundastyrk, leiðum til að tilkynna um ofbeldi, einelti eða vanrækslu og koma fram með ábendingar til sveitarfélagsins.

Gera þarf ráð fyrir gerð nokkurra myndbanda sem nýta má árlega og í tengslum við átaksverkefni.

Aðlaga gæðahandbók og ferla þannig að fræðsla um Barnasáttmálann verði fastur liður í starfi Kópavogsbæjar, bæði fyrir starfsmenn, foreldra og börn.

Tími: Vinna hefjist 2020. Verkefnið er viðvarandi.

Fjárförf: Innleiðing: 2.000.000 í gerð myndbanda

Árlegt: 200.000 í kynningar.

Mæling: Kynningaráætlun og viðeigandi myndbönd tilbúin. Kanna reglulega þekkingu á Barnasáttmála í Kópavogi.

Áskorun eða ábendingar:

Að myndböndin séu sýnd reglulega og viðhaldið eins og þarf.

Mikilvægt að huga að nemendum með annað móðurmál en íslensku.

Mikilvægt að ná til foreldra af erlendum uppruna.

⁵ 61% barna sem svöruðu viðhorfskönnun bæjarins vita ekki hvort Barnasáttmáli gildi fyrir þau.

Aðgerð 7

Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni.

Umsjón: Deildarstjóri barnaverndar auk þverfaglegs vinnuhóps undir forystu velferðarsvið.

Lýsing: Yfirfara verkferla og tryggja að farið sé að lögum og reglum hvað varðar tilkynningar og viðbrögð þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni. Gerð verði fræðsluáætlun sem snýr að starfsfólki Kópavogsbæjar um mikilvægi viðbragða og tilkynninga vegna gruns um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart börnum sem starfsmenn kunna að verða varir við. Jafnframt verði gerð fræðsluáætlun sem náí til barnanna sjálfra sem og annarra íbúa Kópavogsbæjar.

Tími: Viðvarandi verkefni en fyrsta fræðsluáætlun verði tilbúin 2020.

Fjárförf: Innleiðing: 800.000
Árlegur: 1.300.000

Verkpáttur	Kostnaður
Myndbönd um mikilvægi tilkynninga – stofn	800.000
Auglýsingar – árlegt	300.000
Vinna við rafrænar lausnir	Vinna starfsfólks
Kynningar viðbótarkostnaður vegna aukavinnu starfsmanna	700.000


Mæling: Fræðsluáætlun og kynningar.

Áskorun eða ábendingar:

Að myndböndin séu sýnd reglulega og viðhaldið eins og þarf.

Kanna þarf hvort fyrirlestur á vegum samtakanna Blátt áfram ætti að vera skyldunámskeið fyrir alla sem vinna með börnum í Kópavogi, líkt og ábending kom um í samráðsgátt.

8.5 Menntun og skólinn



Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans:
HM 3.4 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 24.1; 24.2 (a), (b), (c), (f)
HM 5.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 19; 28.2; 34; 35; 36; 37(a); 38.4; 39
HM 10.2 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 23; 30
HM 10.3 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 4
HM 16.1 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 19; 24.2 (a); 34; 35; 36; 37 (a); 38.4; 39
HM 16.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 6; 19; 21; 32; 34; 35; 36; 37(a)

Aðgerð 8

Aukin tækifæri fyrir börn og ungmenni að leita eftir aðstoð án þess að þurfa að fara fyrst til foreldra eða forráðamanna eða gegnum formlegar beiðnaleiðir – þarfagreining.

Umsjón: Vinna undir forystu menntasviðs með aðkomu velferðarsviðs og fleiri aðila.

Lýsing: Vinna þarfagreiningu á því hvernig auðvelda má börnum að leita sér aðstoðar hjá félagsráðgjöfum, námsráðgjöfum eða sálfræðingum til að auðvelda börnum og ungmennum

að fá fyrstu hjálp við vandamálum sem þau kunna að vera að fást við hverju sinni án þess að þurfa að fara í gegnum forráðamenn og formlegar beiðnaleiðir. Athuga jafnframt hvort hægt sé að lengja viðveru skólahjúkrunarfræðings og skapa svigrúm til að eiga samtöl við þá fagstétt.

Tími: Niðurstöður þarfagreiningar liggja fyrir fjárhagsáætlanagerð 2022.

Fjárförf: Vinna starfsmanna en mögulega ný stöðugildi ef ástæða er til.

Mæling: Tilbúin þarfagreining með fjárhagsáætlun.

Áskorun eða ábendingar:

Tilgreina þarf hvernig þessi aðgerð snýr að leikskólunum m.t.t. ráðgjafar við foreldra og uppeldisráðgjöf þar sem eftirspurn eftir því hefur verið að aukast.

Aðgerð 9

Skoða og leggja mat á álag á börnum og ungmennum á öllum skólastigum.

Umsjón: Sérfræðingur lýðheilsamála í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Lýsing: Fram kom í rýnihópasamtölum við 16-18 ára nemendur í MK að álag á ungmenni sé þeirra stærsti vandi. Ungmenni á þessum aldri vinna gjarnan með skóla, nokkuð sem þau telja að ætlast sé til af þeim m.a. af foreldrum, samfélagi og ímyndarlega. Viðmælendurnir töldu að skoða ætti hvort ekki væri rétt að veita ungmennum fjárhagslegan stuðning til að stunda nám. Þá sýna niðurstöður Rannsóknna og greininga að helmingur barna í 10. bekk grunnskóla vinni með skóla og tæp 30% barna í 9. bekk⁶.

Gerð verður rannsókn á álagi á börn og ungmenni í Kópavogi. Rannsóknin verður unnin í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Gert er ráð fyrir að rannsóknin verði gerð haustið 2020.

Stefnt er að því að efna til málþings um þetta málefni þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir þar sem börn og ungmenni leiða umræðuna og atvinnulífið tekur þátt.

Tími: Vinna hefjist 2020. Niðurstöður tilbúnar kringum áramót 2020-21.

Fjárförf: Innleiðing 350.000 (rannsóknin: 100.000 og málþing: 250.000).

Mæling: Rannsóknarniðurstöður á álagi á börn og ungmenni. Ef ástæða er til, þróun á nýjum mælikvarða er lítur að álagi á börn og ungmenni.

Áskorun eða ábendingar:

Að fá börn til að taka þátt í rannsókninni en einnig að virkja atvinnulíf til samtals á málþingi sem stefnt er á að halda.

Að skóli, tólmstundir og íþróttir tali betur saman. Miklar kröfur eru á að ungmenni standi sig. Samræma þarf stundatöflur skólanna t.d. að skóli byrji allstaðar á sama tíma.

⁶ Lýðheilsa ungs fólks í Kópavogi. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2018. ATH: sama rannsókn sem gerð var í febrúar 2020 sýnir að heldur hefur dregið úr atvinnuþátttöku barna í bæði 9. og 10. bekk á milli kannana 2018 og 2020.

Álag á börn í leikskólum stafar fyrst og fremst af langri viðveru barna í leikskóla. Í ábendingu kom fram að skoða og greina þurfi fjarveru leikskólabarna frá foreldrum sínum í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aðgerð 10

Fara yfir vinnuaðstöðu barna og öryggi barna og ungmenna í leikskólum og grunnskólum.

Umsjón: Vinnuhópur undir forystu menntasviðs með aðkomu umhverfis- og velferðarsviðs, ungmennaráðs og stofnanna bæjarins.

Lýsing: Niðurstöður ungmennapings sýna áherslu ungmenna á bættar aðstæður í skólum, s.s. að bæta gæði stóla og skoða gardínur. Þau nefna sveigjanleika varðandi matartíma og tala um gæði matar. Þá nefna þau að betra væri að hafa tölvur en spjaldtölvur þar sem erfitt sé að vinna með lyklaborð á spjaldtölvum. Niðurstöður ungmennapings sýna einnig áhuga nemenda á að vinna meira og betur í félagsmálum, eineltismálum og baktal (hluti af aðgerð 5). Þá benda ungmenni einnig á aðstæður á íþróttavöllum s.s. lýsingar sem megi bæta.

Þá bera að líta til þess að um 18% barna upplifa sig ekki örugg í skólanum og önnur 12% eru ekki vissir hvort þau séu örugg⁷. Í rannsókn á álagi á börnum – aðgerð 9 verður aftur spurt um öryggis upplifun barna í skólum.

Tími: Vinnuhópur verði settur saman til að skoða þetta mál. Hópurinn komi fram með tillögur að lokinni skoðun.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks og nemenda.

Mæling: Niðurstaða skoðunar. Þróun nýrra mælinga varðandi vinnuaðstöðu barna ef ástæða er til.

Áskorun eða ábendingar:

Mikilvægt að greina rýmisþörf í leikskólum í samhengi við vinnuaðstöðu og öryggi barna.

Mikilvægt er að börn njóti vafans ef börn segja frá ofbeldi/slæmri framkomu kennara, þannig að þau þurfi ekki að umgangast umræddan kennara á meðan málið er skoðað af utanaðkomandi aðilum.

Aðgerð 11

Forvarna- og heilsuefningarmál.

Umsjón: Vinna leidd af deildarstjóra frístundaeildar á menntasviði í samstarfi við sérfræðing lýðheilsumála, börn og ungmenni, foreldra, skóla, frístund, félagsmiðstöðvar og forvarnarhóp.

Lýsing: Skoða þarf forvarnaráætlanir leik- og grunnskóla sem og forvarnarstarf meðal ungmenna sem komnir eru á framhaldsskólaaldur m.a. í samstarfi við Molann og MK. Í samtölum og könnunum nefna börn og ungmenni gjarnan fræðslu og forvarnarstarf sem snýr að því að styrkja þau sem einstaklinga með alskyns lífstílstengdri fræðslu. Þá skapar mælaborð barna

⁷ Niðurstaða könnunar framkvæmd meðal grunnskólabarna í Kópavogi í apríl 2019.

tækifæri til að skoða hvar skóinn kreppi í lífsgæðum barna og þannig geta niðurstöður rannsókna og kannanna verið leiðbeinandi um áherslur í forvarnar- og heilsueflingarstarfi.

Skoða má hvort samræma megi og auka samstarf milli fræðsluáætlana skólanna og jafnvel skólastiga. Þá er rétt að skoða hvort auka megi samstarf við heilsugæsluna s.s. skólahjúkrunarfræðinga og efla þátttöku þeirra í fræðslu og forvarnarverkefnum innan skólanna. Rétt er að skoða tengingar milli eininga s.s. skóla, frístundar, félagsmiðstöðva, foreldrafélaga og íþróttafélaga og hvort samræma megi eitthvað af starfinu.

Skoða þarf sérstaklega **frítímaþjónustu fyrir nemendur í 5. – 7. bekk** en þar er rými fyrir aukið forvarnar- og heilsueflingarstarfs, s.s. að efla sjálfvitund, félagsfærni og tilfinningagreind. Ef til verður **Geðræktarhús** í Kópavogi væri kjörið að samtvinna hluta fræðslunnar við það sem þar fer fram, auk samvinnunar við aðra aldurshópa sem myndu nýta Geðræktarhúsið.

Ungmennin sjálf hafa gjarnan nefnt kynfræðslu sem þema sem þarf að skoða mun betur m.a. til að hjálpa þeim að kunna að setja mörk og öðlast aukin skilning á tilfinningahluta náinna sambanda s.s. ástina, umhyggju og hlýju.

Loks þarf að yfirfara mismunandi fræðslupakka í samstarfi við fagaðila s.s. Embætti Landlæknis, Heilsugæslu og fleiri aðila, s.s. um ávanabindandi efni.

Tími: Vinnuhópur skipaður 2020 sem skili hugmyndum fyrir fjárhagsáætlun 2021.

Fjárförf: Í fyrstu eingöngu vinna starfsfólks.





Mæling: Stefna um fræðslu heilsueflingar og forvarna meðal barna og ungmenna.

Áskorun eða ábendingar:

Mikilvægt er að fá kynfræðslu frá aðila sem kann að fræða um slíkt. Fræðsla miði líka að samtali um nánin sambönd – ekki nota hræðsluáróður.

Að börn fái kynfræðslu og séu efl í félagslegum þroska og læri að þekkja sín mörk og standa með sjálfum sér.

8.6 Umhverfismál

 11 SAMHÆFISGRÖNN BYGGINGAR OG BYGGINGAR	 13 AÐGERÐIR LOFTSLAGS HVALDI	Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans: HM 11.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 2; 23; 24.2 (e) HM 11.4 og Barnasáttmáli: Greinar Inngangur, greinar 29.1 (c), (e); 30 HM 11.6 og Barnasáttmáli: Greinar 24.2 (c), (e) HM 11.7 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 2; 23.1; 24.2 (c), (f); 31 HM 12.2 og Barnasáttmáli: Inngangur, grein 29.1 (e) HM 13.3 og Barnasáttmáli: Greinar 13.1; 17; 29.a (a), (e) HM 16.7 og Barnasáttmáli: Greinar 2; 12.1; 13; 15; 17
 16 FÉRIÐ OG RETTLETTI	 12 AÐYR NEYSLA OG FRAMHVERSLA	

Aðgerð 12

Að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og leyfa þeim að taka þátt.

Umsjón: Vinnuhópar í samstarfi mennta- og umhverfissviða, Náttúrufræðistofu, barna og ungmenna, menningarhúsa og vinnuskóla.

Lýsing: Ungmenni gerðu umhverfismál að sérstöku umræðuefni á ungmennabingi en þar komu fram áhyggjur þeirra af loftlagsmálum og áhugi á að læra meira um umheiminn, áskoranir og leiðir til að bæta umhverfi. Það kom fram að þau hafa t.d. áhuga á að fá meiri gróður inn á skólalóðir og efla fræðslu um endurvinnslu og auka þátttöku þeirra í að bæta umhverfið s.s. að fara reglulega í ruslatíslu.

Ýmis umhverfistengd verkefni eru unnin á öllum skólastigum. Mikilvægt er að fara yfir þessi verkefni og velja upp hvort og hvernig auka megi áhuga og virkja þátttöku allra er hlut eiga að máli. Hugmyndir til frekari útfærslu (verþáttum) má finna undir fjárhagsáætlun hér að neðan.

Tími: Vinnuhópar skili tillögum eða fullunnum verkefnum eftir því sem þau verða tilbúin.

Fjárförf: **Innleiðing:** 9.000.000
Árlegt: 8.000.000

Verkþættir	Kostnaður
<p>Menntasvið í samstarfi við Náttúrfraeðistofu: Bókin „Þar á ég heima“ (2001): Stefnt að því að uppfæra efni bókarinnar í samstarfi við höfundinn (Sólrún Harðardóttir) og gera efnið aðgengilegt á gagnvirkri heimasíðu. Þar er hægt að setja fram verkefni og hugmyndir að vettvangsferðum sem tengt er við það sem börnin eru að læra hverju sinni. Heimasíðan getur verið gagnvirk og koma spjaldtölvur að góðum notum í slíkum verkefnum. Einn afrakstur gæti verið verkefnabanki =></p> <p>Verkefnabanki:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að safna saman mögulegum verkefnum, flokka þau þannig að efnið henti mismunandi aldursþópum en einnig að leggja drög að aukinni samvinnu milli skólastiga, s.s. vindahópar sem samanstanda af bekk í grunnskóla og leikskólabarnahópi. • Mikið efni er til hjá kennurum og mikilvægt að ná samstarfi milli þeirra. Stefna á að halda málstofu þar sem umhverfismál og miðlun þeirra til barnanna væri rædd. • Rannsóknaverkefni: Tengja má verkefnabankann til að setja upp lítil rannsóknaverkefni fyrir unga vísindamenn s.s. telja fugla, skordýrarannsóknir. Í samstarfi við Náttúrfraeðistofu má vinna frekar úr gögnunum sem jafnframt nýtast vel sem vöktunargögn. Spjaldtölvur nýtast hér vel. <p>Þá mætti setja upp fleiri verkefni s.s. læra heiti trjáa, blóma, fugla, skoða hringrás árstíðanna, auðlindir okkar s.s. vatnið og verndun auðlindanna.</p>	<p>Uppfærsla bókar – nýr vefur: 4.000.000</p> <p>Málstofa: 200.000</p> <p>Starfsmaður í hálfu starfi til að viðhalda vefnum. Starfsmaður gæti verið á Náttúrfraeðistofu eða menntasviði: 6.000.000</p>
<p>Menntasvið – grunnskólar⁸: Fyrirtækjaheimsóknir: Náttúrfraeðikennarar hafa áhuga á að heimsækja fyrirtæki sem tengjast sterkt umhverfismálum s.s. Helligheiðarvirkjun, eða önnur fyrirtæki. Þetta hefur oft strandað á kostnaði þar sem t.d. ekki er til peningur fyrir rútum. Hér er lagt til að hver skóli fái fjármagn sem eyrnamerkja mætti slíkum heimsóknum.</p>	2.000.000
<p>Menntasvið: Margir leikskólar hafa matjurtagarða í leikskólum sem bíður upp á kennslu í sjálfbærni og vísindum; horfa, skoða, hlusta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.</p>	Vinna starfsfólks
<p>Menntasvið: Guðmundarlundur – fræðslusetur og nærumhverfi leik- og grunnskóla: Að menntasvið leiði vinnu við gerð áætlunar um nýtingu fræðsluseturs í Guðmundarlundi til að efla þekkingu barna í Kópavogi á umhverfismálum. Svipað má gera í tengslum við nærumhverfi leik- og grunnskóla (gæti tengst vinnu við vef og verkefnabanka)</p>	4.000.000
<p>Umhverfissvið: Vinnuskólinn: Vinnuskólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á kennslu í umhverfismálum. Starfsmaður er ráðinn í það verkefni á hverju sumri. Vinnuskólinn fer með þátttakendur í heimsókn til Sorpu, gas- og jarðgerðastöð.</p>	Vinna starfsmanna. (Þegar er gert ráð fyrir öðrum kostnaði í áætlunum)
<p>Umhverfissvið: Skógræktarstarf: Börn og ungmenni taka þátt í skógræktarstarfi með umhverfissviði s.s. í Lækjabotnum og tengja það starf umræðu um loftslagsmál. Skoða mætti samstarf við Skógræktarfélag Kópavogs.</p>	Vinna starfsmanna
<p>Umhverfissvið: Skólagarðar: Skoða mætti hvort efla megi fræðslu um umhverfis- og loftslagsmál meðal barna sem nýta skólagarða Kópavogsbæjar.</p>	Vinna starfsmanna

Mæling: Vefur og verkefnabanki tilbúin.

⁸ Leikskólar gætu margir haft gagn af slíkum heimsóknum líka.

8.7 Stjórnýsla



Styður við eftirfarandi Heimsmarkmið og greinar Barnasáttmálans:

HM 5.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 19; 28.2; 34; 35; 36; 37(a); 38.4; 39

HM 10.2 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 2; 23; 30

HM 16.1 og Barnasáttmáli: Greinar 6; 19; 24.2 (a); 34; 35; 36; 37 (a); 38.4; 39

HM 16.2 og Barnasáttmáli: Greinar 1; 6; 19; 21; 32; 34; 35; 36; 37(a); 39

HM 16.6 og Barnasáttmáli: Inngangur og greinar 4; 21

HM 16.7 og Barnasáttmáli: Greinar 2; 12.1; 13; 15; 17

HM 17.7 og Barnasáttmáli: Greinar 13.1; 17; 28.3

Aðgerð 13

Yfirfara og skerpa á verklagsreglum bæjarins er lúta að tilkynningum til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gangvart barni (tengist aðgerð 7).

Umsjón: Deildarstjóri barnaverndar í samstarfi við deildarstjóra grunnskóladeildar og gæðastjóra.

Lýsing: Fara yfir verklagsreglur á öllum starfsstöðum bæjarins þar sem börn koma eða dvelja og uppfæra gæðahandbók eftir því sem þarf. Tryggja samræmingu milli starfsstöðva sem vinna með börn og setja upp kynningaráætlun á verklagsreglum. Þá þarf að endurmeta heiti verklagsreglna og hafa framsetningu skýrari. Skólastjórnendum finnst að nafnið á reglunum mætti vera meira lýsandi þannig að heitið nái einnig yfir tilkynningar vegna vanrækslu. Skólastjórnendur óska t.d. sérstaklega eftir endurskoðun á kaflanum barn beitir annað barn ofbeldi.

Tími: Vinna hefjist haustið 2020. Að verklagsreglur verði endurskoðaðar annað hvert ár.

Fjárförf: Innleiðing: 200.000 í aðkeypta þjónustu varðandi framsetningu og kynningu

Árlegt: vinna starfsmanna

Mæling: Yfirfarðar verklagsreglur og kynningaráætlun.

Áskorun eða ábendingar:

Skýr viðbragðsáætlun þarf að vera til staðar á öllum starfsstöðvum bæjarins ef grunur er um að barn hafi verið beitt ofbeldi eða sé í hættu – barnið á að njóta vafans.

Aðgerð 14

Yfirfara jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna.

Umsjón: Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar.

Lýsing: Lögfræðingur sem jafnframt er jafnréttisfulltrúi Kópavogsbæjar leiði vinnu við að yfirfara jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar með hliðsjón að Barnasáttmálanum. Skoða þarf sérstaklega hugtakið jafnrétti kynjanna og skilgreiningu þess meðal annars m.t.t. aldurs, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigð og fötlunar.

Tími: Vinna hefjist eigi síðar en 2020.

Fjárförf: Vinna starfsmanna og nefndarinnar.

Mæling: Yfirfarin jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar.

Aðgerð 15

Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna s.s. að hafa ungmennaráð og önnur börn og ungmenni inni sem formlegan umsagnaraðila.

Umsjón: Gæðastjóri í samstarfi við verkefnastjóra íbúatengsla og fulltrúa allra sviða bæjarins og ungmennaráðs.

Lýsing: Þessi aðgerð er í beinu framhaldi af aðgerð 3 en til að tryggja þátttöku barnanna er nauðsynlegt að gæðakerfið og verkferlar séu yfirfarnir og þess gætt að ungmennaráð og börn og ungmenni á öllum aldri fái tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir bæjarins og að þau geti með auðveldum hætti komið málum á framfæri við bæjaryfirvöld.

Tími: Vinna hefjist 2020 og sé lokið 2021.

Fjárförf: Vinna starfsfólks.

Mæling: Uppfærðir gæða- og verkferlar þar sem skapað hefur verið rými fyrir þátttöku barna.

Aðgerð 16

Stefna á að hafa barnamiðaða fjárhagsáætlun hjá bænum.

Umsjón: Bæjarstjórn og fjármálastjóri í samstarfi við önnur svið bæjarins.

Lýsing: Hefja vinnu við að skoða hvað þarf til að innleiða barnamiðaða fjárhagsáætlun (e. „child friendly budgeting“) sem stefnt er að í náninni framtíð.

Tími: Málið skoðað á árinu 2020 og innleiðing þannig undirbúin í framhaldinu.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna

Mæling: Niðurstaða vinnuhóps um innleiðingu barnamiðaðrar fjárhagsáætlunar hjá Kópavogsbæ.

Áskorun eða ábendingar:

Að gætt sé að því að fulltrúi barna á leikskólastigi komi að sjónarmiðum leikskólanna þegar farið verði yfir verkferla og gæðakerfi.

Aðgerð 17

Skoða hvar tengiliður barna verður staðsettur innan stjórnkerfisins

Umsjón: Bæjarstjórn.

Lýsing: Skoðað verði hvar heppilegt sé að staðsetja tengilið barna innan stjórnkerfisins. Jafnframt að skoða hvernig vinna megir með hugtakið „barnavernd“ og jákvæðari túlkun þess og þá m.a. að starfsmenn eigi allir að vera umboðsmenn barna.

Tími: Tengiliður barna er skilyrði fyrir annarri vottun UNICEF á barnvænum Kópavogi.

Fjárförf: Starfshlutfall eyrnamerkt tengilið barna. Gera má ráð fyrir hálfu starfshlutfalli til að byrja með – 6.000.000

Mæling: Niðurstöður vinnuhóps.

Aðgerð 18

Alþjóðleg tengsl

Umsjón: Tengiliður barna þegar viðkomandi hefur verið ráðinn.

Lýsing: Skoðaður verði möguleiki á auknum alþjóðlegum tengslum milli barna og ungmenna í Kópavogi og barna og ungmenna víðsvegar um heiminn, s.s. tengsl við börn og ungmenni í þróunarríkjum þar sem ungmenni hjálpast að við innleiðingu Heimsmarkmiða eða tengsl við önnur háteknjuríki t.d. samstarf í umhverfis- og loftlagsmálum.

Tími: Verkefni unnið þegar tengiliður barna hefur verið ráðinn.

Fjárförf: Engin að svo stöddu.

Mæling: Niðurstöður vinnuhóps.

Áskorun eða ábendingar:

Að skoðað verði vel það starf sem þegar er í gangi.

9. Skammstafanir

HM: Heimsmarkmið

MK: Menntakólinn í Kópavogi

HBSC: Health Behaviour in school-aged children

MÁP: Mat á áhrifum á persónuvernd

R&G: Rannsóknir og greining

SP: Sameinuðu þjóðirnar

WCCD: World Council on City Data

ISO: International Organization for Standardization

10. Úttekt Unicef á aðgerðaáætluninni

Sjá næstu blaðsíðu.

22. júní 2020

Úttekt á aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar Innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Aðgerðaáætlun Kópavogs er metnaðarfull og í góðu samræmi við niðurstöður kortlagningar á velferð og réttindum barna í Kópavogi. UNICEF samþykkir áætlunina með fyrirvara um að tillit verði tekið til meðfylgjandi athugasemda við innleiðingu áætlunarinnar.

Almennar athugasemdir

Í Kópavogi er mikil áhersla á framsækna innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna. Það er greinilegt að innleiðing markmiðanna hefur gengið vel og á sér skýran stað í stjórnsýslu og stefnumótun bæjarins. UNICEF hvetur sveitarfélagið til að byggja á þessari metnaðarfullu innleiðingu og gera Barnasáttmálanum jafnsýnilegan í starfsemi bæjarins samfara innleiðingu sáttmálans.

Aðgerð 3

Hér er um metnaðarfulla aðgerð að ræða, UNICEF hvetur sveitarfélagið til að skýra markmið aðgerðarinnar og setja skýrari tímaramma fyrir hana í aðgerðaáætlun. Í samtali við umsjónarmann verkefnisins kom fram að þegar hafin vinna við að teikna upp feril í gæðakerfi bæjarins. Stefnt er að því að prufukeyra þátttöku barna haustið 2020 og að full virkni aðgerðarinnar verði tilbúin og uppfærð í gæðakerfi um áramótin 2020/2021.

Í úttektinni benti UNICEF á mikilvægi þess að aðgerðin tryggði einnig virkt samtal við börn og ungmenni sem teljist til viðkvæmra hópa m.a. með fötlun. Eins benti UNICEF á mikilvægi þess að aðgerðin næði til barna af erlendum uppruna. Í samtali við umsjónarmann kom fram að Kópavogsbær sé meðvitaður um mikilvægi þessa og séu viðtöl við börn með fatlanir þegar hafnar. Þá er undirbúningur þegar hafinn að útfærslu á verkefni sem hlaut styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála fyrir börn af erlendum uppruna í Kópavogi.

Aðgerð 4

UNICEF hvetur til þess að Kópavogsbær setji sér skýr tímamarkmið fyrir aðgerðina.

Aðgerð 5

UNICEF hvetur Kópavogsbæ til að skýra markmið aðgerðarinnar og útlista nánar hvernig árangur hennar verði mældur. Leggja samtökin meðal annars til að í aðgerðinni komi fram að markmið aðgerðarinnar sé m.a. að stefna að bættri líðan barna og ungmenna í Kópavogi og að fylgst verði með árangri aðgerðarinnar með mælanlegum mælikvörðum m.a. úr mælaborði Kópavogs.

Aðgerð 10

UNICEF leggur til að titill aðgerðarinnar verði skýrari og útlisti frekar markmið hennar. Er sveitarfélagið einnig hvatt til þess að í textanum sem fylgi aðgerðinni komi m.a. fram að markmið hennar sé að vinna að tillögum að úrbótum í samræmi við niðurstöður greiningarinnar.

UNICEF óskaði einnig eftir að tímarammi aðgerðarinnar verði skýrari, en samkvæmt samtali við umsjónarmann er stefnt að henni ljúki 2021.

Aðgerð 11

UNICEF hvetur sveitarfélagið til að gera markmið aðgerðarinnar skýrari og tryggja að árangur aðgerðarinnar verði mældur með tölulegum mælikvörðum. Í samtali við umsjónarmann kom fram að markmið aðgerðarinnar sé m.a. að búa til leiðbeinandi yfirstefnu um forvarnir og heilsueflingu í skólum bæjarins og sú vinna verði m.a. annars unnin í samstarfi við Embætti Landlæknis og skólastjórnendur Kópavogsbæjar.

Aðgerð 12

UNICEF hvetur sveitarfélagið til að breyta orðalagi í nafni aðgerðarinnar, er þar horft til þess að þar stendur „leyfa þeim að taka þátt“. Í ljósi þess að 12. grein Barnasáttmálans gefur öllum börnum rétt til að tjá sig í öllum málum er varða þau færi betur að tala t.d. um að tryggja aðkomu barna og ungmenna í samræmi við réttindi þeirra.

Aðgerð 13

UNICEF hvetur sveitarfélagið til að setja sér skýrari tímaramma fyrir aðgerðina. Í samtali við umsjónarmann kom fram að miðað sé við að aðgerðin verði komin til framkvæmdar í byrjun árs 2021.

Aðgerð 14

UNICEF hvetur sveitarfélagið til að setja sér skýrari tímaramma fyrir aðgerðina. Í samtali við umsjónarmann kom fram að aðgerðin sé þegar komin til framkvæmdar.

Aðgerð 15

UNICEF fagnar aðgerðinni en hvetur sveitarfélagið til að tryggja ungmennaráðinu umfangsmikinn stuðning og aðstoð við að rækja nýtt og stærra hlutverk sitt í ljósi aðgerðarinnar.

Aðgerð 17

UNICEF ítrekar að tengiliður barna er ein af þremur ófrávíkjanlegum forsendum fyrir viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag. Á sú forsenda við um fyrstu úttekt, en ekki aðra líkt og kemur fram í áætluninni. UNICEF hvetur sveitarfélagið til að tímasetja hvenær viðkomandi starfsmaður verði komið til starfa innan sveitarfélagsins.

Fyrir hönd UNICEF á Íslandi,

Hjördís Eva Þórðardóttir